

*Guðmundur Jóhannesson, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
Jón Baldur Lorange, Tölvudeild Bændasamtaka Íslands*



## Opnað hefur verið fyrir lyfjaskráningu í Huppu

Tölvudeild Bændasamtakanna hefur í samvinnu og góðu samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Matvælastofnun þróað rafrænar skráningar í búfjárhaldi, nú nýlega varðandi sjúkdóma- og lyfjaskráningar fyrir nautgripi. Tengingar hafa verið virkjaðar milli gagnagrunnanna og tölvukerfanna Heilsu og Huppu til að einfalda skráningar og losa bændur, dýralækna, ráðunauta o.fl. við skráningar á pappír með tilheyrandi póstsendingum og bréfaskriftum. Með þessum breytingum verður allt utanumhald auðveldara og pappírsvinnan hverfur auk þess sem dýralæknir og bóndi hafa betri yfirsýn yfir afhendingar og notkun lyfja, þ.m.t. sýklalyfja, í nautgripi. Jafnframt veitir þetta meira öryggi við afhendingu gripa í sláturhús, en upplýsingar um slátur- og mjólkurbann berast daglega til sláturhúsa vegna lyfjaleifa.

### Skráningarkerfin Heilsa og Huppa

Heilsa er skráningarkerfi Matvælastofnunar sem dýralæknar skrá í sjúkdómsgreiningar og lyfjameðhöndlunir á búfé. Í þessum mánuði var komið á tengingu Heilsu við nautgriparæktargagnagrunninn Huppu en síðasta vor (2013) var sams konar tengingu komið á milli Heilsu og LAMBS, nýs skýrsluhaldskerfis fyrir sauðfjárþændur. Með þessari tengingu geta dýralæknar skráð vitjanir á nautgripi og sauðfé og uppfyllt þar með skilyrði í gæðastýringu. Í október 2013 var opnað fyrir „heilsukortshluta“ í LAMBi og þar með gátu sauðfjárþændur í fyrsta skipti skráð rafrænt lyfjagjafir sem þeir framkvæma sjálfir. Nú hefur hið sama verið gert í Huppu og því geta kúa- og nautgripabændur skráð sínar lyfjagjafir rafrænt.

Skráning lyfjanotkunar bænda er framkvæmd þannig að dýralæknir skráir vitjun og/eða lyf í lyfjaskáp bónda og skráir lyfið í viðkomandi gripi. Bændur geta einnig skráð ákveðin lyf sjálfir í lyfjaskáp sinn, s.s. ormalyf og bætiefni. Dýralæknir skráir fyrstu lyfjagjöf í tölvukerfi MAST, Búfjárheilsu, t.d. ef um er að ræða sýklalyf, ásamt fyrirmælum um framhaldsmeðhöndlun. Það er svo bónda að ljúka lyfjagjöfni með skráningu í Huppu. Ef um er að ræða lyf/bætiefni sem bændur geta keypt án lyfjaávísunar frá dýralækni geta þeir sjálfir skráð þau viðkomandi lyf/bætiefni í lyfjaskáp sinn. Þegar að lyfja- eða bætiefnagjöf kemur velur bóndi viðkomandi lyf/bætiefni og þá gripi sem meðhöndlaðir voru ásamt dagsetningu og skammtastærð og vistar skráninguna. Huppa heldur utan það magn lyfja sem tiltækt er á búinu og dregur frá því magni jafnóðum og lyfið er notað. Jafnframt heldur kerfið utan um fyrningardagsetningar og fyrirmæli dýralækna um hvenær lyf skuli notað í síðasta lagi og gerir viðkomandi lyf óvirkt að þeirri dagsetningu liðinni. Allar upplýsingar um þetta má finna í lyfjaskáp búsins. Jafnframt eru allar upplýsingar um sjúkdóma- og lyfjaskráningu aðgengilegar á svokölluðu heilsukorti fyrir hvern einstakling.

Mjög brýnt er að vanda til allra skráninga og skal þar sérstaklega bent á tegundir, magn, skammta og dagsetningar. Lyfjagjafir hafa áhrif á hvort nýta megi afurðir viðkomandi gripa og hvenær. Huppa heldur utan um þessa fresti og má m.a. benda á að sláturhús sjá hvort gripur er í sláturbanni eður ei við uppflettingu. Það er því ákaflega brýnt að rétt lyf sé valið og réttar dagsetningar skráðar.

Sjúkdóma- og lyfjaskráningar eru þannig orðnar mikilvægur þáttur í skýrsluhaldi og opinberu eftirliti, sem bændur eru hvattir til að kynna sér vel og vandlega. Með samtengingu og samræmingu tölvukerfa og gagnagrunna í góðri samvinnu BÍ, MAST og RML þá hefur tekist að koma á rafrænni og skilvirkri skráningu dýralækna og bænda til að uppfylla kröfur stjórnvalda, en ekki síður til að leggja grunn að enn öflugra skýrsluhaldi til nota í ræktunarstarfi bænda.